



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**108. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 26. ágúst 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

Samkvæmt 9 gr. Skipulagslagslaga nr. 123/2010 skal svæðisskipulagsnefnd skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum og samkvæmt 2. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins boðar fulltrúi þess sveitarfélags sem síðast fór með formennsku í svæðisskipulagsnefnd, í samráði við svæðisskipulagsstjóra, til fyrsta fundar svæðisskipulagsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum.

1. Kosning formanns svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar skal nefndin á fyrsta fundi kjósa sér formann.

Fyrirliggjandi er tillaga frá Hjördísi Ýr Johnson að Pawel Bartoszek fulltrúi Reykjavíkur verði formaður nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða. Pawel Bartoszek tók við fundarstjórn.

2. Kosning varaformanns svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Fyrirliggjandi er tillaga frá Pawel Bartoszek að Hjördís Ýr Johnson verði varaformaður nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Kynning á fulltrúum - 2003003

Lagður fram listi yfir fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd 2022 - 2026.

Lagt fram til kynningar

4. Fundardagskrá 2022 - 2023 - 2003003

Lögð fram tillaga að fundardagskrá fyrir tímabilið ágúst 2022 til loka maí 2023.

Nefndin er sammála um að sú meginregla sé viðhöfð að fundir séu haldnir sem



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

staðfundir en að í einstaka tilfellum geti nefndarmaður óskað eftir þátttöku gegnum fjarfundarbúnað og tilkynni slíkt til formanns og svæðisskipulagsstjóra. Tillaga að fundardagskrá er samþykkt með þeim breytingum að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn 16. september.

5. Kynning á SSH og svæðisskipulagi - 2003003

Kynning á starfsemi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), svæðisskipulagi og helstu verkefnum.

Kynnt.

6. Störf svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Gildandi svæðisskipulag er stefna um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 sem er studd ýmsum aðgerðum sem svæðisskipulagsnefnd er ætla að sjá til þess að komist til framkvæmda. Flestar aðgerðir eru ótímasettar og mislangt á veg komnar.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum liggur fyrir að svæðisskipulagsnefnd þarf að taka afstöðu til tveggja verkefna sem henni er ætlað að vinna í kjölfar kosninga:

1. Meta hvort þörf sé að endurskoða svæðisskipulag í heild sinni sbr. 26. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Meta hvort þörf sé að vinna nýja fjögurra ára þróunaráætlun en fyrirliggjandi áætlun var afgreidd í byrjun árs 2021 og uppfærð í mars 2022.

Fylgigögn:

Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags, dags. 19.6.2020.

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024, dags. 10.03.2021.

Þróunaráætlun stöðutaka 2022, dags. 29.03.2022.

Formanni og svæðisskipulagsstjóra er falið að móta tillögur að dagskrá og áherslum svæðisskipulagsnefndar á kjörtímabilinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.